

JÓN J. VÍÐIS MINNINGARORÐ

F. 31. maí 1894

D. 6. jan. 1975.

Enn einn samferðamaðurinn er horfinn héðan, öðlingsmaðurinn Jón J. Víðis.

Mér er það úr minni liðið, hvenær fundum okkar Jóns bar fyrst saman. En haustið 1922, er ég hóf kennslu í Menntaskólanum var Jón þar fyrir og kenndi teikningu, (frá 1919—1929). Jón var sjálfur afburða teiknari og teiknaði m.a. þá gerð af stúdentshúfu, sem enn er notuð.

En hann var líka ágætur teiknikennari og mjög vinsæll af nemendum. Við urðum fljótt góðir kunningjar, þó að hann væri sex árum eldri en ég.

Og svo var það sumarið 1924, að Jón stakk upp á því við mig að við skyldum fara í ferðalag inn í öræfi, en þangað hafði ég aldrei komið, en á þessum árum var að vakna áhugi fyrir slíkum ferðum. Varð það að ráði, að við skyldum fara á reiðhjólum austur að Geysi og fara svo gangandi kringum Langjökul og bera nesti og annan útbúnað á bakinu. En þegar við komum að Múla í Biskupstungum á heitum degi, fundum við, að bakpokarnir sigu í, svo að við fengum þar leiðan sinn hestinn hvor, þó að við værum lítt fjáðir. Og svo lögðum við af stað inn í fjallaföðm öræfanna. Eftir rúma viku komum við aftur að Múla eftir dásamlega ferð í ýmsu veðri umhverfis Langjökul.

Í þessari ferð kynntist ég Jóni sem hinum ágætasta ferðafélaga. Hann hafði alla forustu á hendi, kunni til allra verka, var athug-

ull, gættinn og úrræðagóður, afburða hjálpsamur og velviljaður, glaðlyndur og jafnlyndur, og svo reyndist hann mér æ síðan.

Sex árum síðar, síðsumars 1930, gekkst Sigurður frá Laug fyrir því að reyna að finna bílfæra leið frá Gullfossi að Hvítárvatni og fékk Jón Víðis og Asgeir frá Fróða, sem báðir unnu hjá vegamálastjóra, og mig til liðs við sig.

Með kunnugleik og dirfsku Sigurðar og aðgæzlu Jóns tókst okkur að koma gamla Fordinum hans Sigurðar yfir þýða móa, grýtta mela og Sandá og upp Bláfellsháls og að Hvítárvatni. Við villtumst í svarta þöku, en þetta ferðalag varð til þess, að þessi leið var fljótlega rudd.

Og svo í ágúst 1933 ók Sigurður gamla Fordinum, AR 77, þvert yfir landið, Sprengisandsleið yfir öbyggðirnar, 200 km frá Galtalæk að Mýri í Bárðardal og síðan til Reykjavíkur og vorum við þá með, Jón Víðis, Valdimar Sveinbjörnsson og ég. Þeir Jón og Sigurður réðu ferðinni og völdu leiðina. Sigurður var áráðinn og ódeigur, en Jón aðgættinn og glöggur á aðstæður og fór það vel saman. Jón hélt nákvæma dagbók og skrifaði allt hjá sér um færð og vegalengdir, því að hugsunin var sú að finna þarna bílfæra leið yfir landið, sem og varð, þó að meir en 30 ár liðu þar til hún var merkt og rudd. Skilst mér, að sú leið liggir í aðalatriðum þar sem þeir Jón og Sigurður völdu veginn í upphafi.

Þetta var ógleymanleg ferð, að fara um alókunnar slóðir, ókortlagðar þá, svo að við vissum aldrei



hvað við tæki bak við næsta leiti, með kraftlitinn, ofhlaðinn bíl í eftirdragi.

Sumarið 1964 fórum við Jón og Valdimar og ég svipaða leið norður Sprengisandsleið en það var með mörgum mönnum með 4 kraftmikla bíla, en það var allt öðruvísi.

Við Jón fórum ekki fleiri ferðir saman, en við hittumst oft, og alla ævi sína var hann sá sami góði félagi, sem ég kynntist í fyrstu ferðinni umhverfis Langjökul fyrir meir en hálfri öld, ósérhlífinn og velvinnandi, ákaflega reglusamur, hjálpsamur og hjartahljár, góðlyndur og glaðlyndur og gegnheiðarlegur drengskaparmaður í hvívetna.

Og nú er þessi samferðamaður minn og margra annarra farinn á nýjar leiðir.

Við söknum hans og minnumst hans með hlýjum huga, þökkum honum samfylgdina og óskum honum góðrar ferðar.

Einar Magnússon.

Deyr fé,
deyja frændr
deyr sjálf et sama,
en orðstírr
deyr aldri
hveims sér góðan getr.

Þessi speki hinna fornu háva-mála kemur mér í hug, er ég með fáeinum þakkar- og kveðjuorðum minnst hins mæta manns, Jóns J. Víðis, mælingamanns, sem ættingjar, venzlafólk og aðrir vinir kveðja hinztu kveðju í dag. En Jón lézt þ. 6. janúar sl. af völdum slyss, er hann varð fyrir rétt fyrir jólin.

Jón J. Víðis fæddist að Þverá í Laxárdal í S-Þingeyjarsýslu 31. maí 1894 og varð því áttræður á s.l. vori þjóðhátíðarársins. Hann var sonur hjónanna Jóns Jónssonar, Þveræings, Jóakimssonar hreppstjóra á Þverá Ketilssonar og konu hans Herðísar Asmundsdóttur, en móðir Jóns var Halldóra Sigurðardóttir, bónda í Kollstaðagerði á Völlum S-Múlasýslu og konu hans Guðröðu Eiríksdóttur frá Skriðuklaustri. Sigurður var Guttormsson Vígfússonar, alþingismanns á Arnheiðarstöðum og konu hans Halldóru Jónsdóttur vefara Þorsteinssonar prests

Jón var að flestra dómi ákaflega sérstæður maður, búinn mörgum og góðum eðliskostum. Hann var hlédrægur mjög um eigin hag og högvær í allri framkomu og vildi öllum gott gera, enda stóðu margir í þakarskuld við hann. Jóni var mjög margt til lista lagt, dráttthagur mjög og teiknari góður. Kenndi hann teikningu við Menntaskólann í Reykjavík um 11 ára skeið, og hefi ég heyrt, að nemendur hans hafi rómað mjög hæfni hans til þess starfs. Má geta þess, að Jón teiknaði stúdentshúfuna um það leyti, sem hann varð stúdent, og átti hún því 60 ára afmæli á s.l. ári. Einnig aðstoðaði hann dr. Bjarna Sæmundsson við teikningar fjölda dýramynda, sem notaðar voru lengi við kennslu í M.R.

Jón skrifaðis snilldarrithönd eins og áður er getið, og hann átti kyn til, þar sem faðir hans skrifaði fagra rithönd og Benedikt Jónsson frá Auðnum, föðurbróðir hans, var sagður hafa kennt Þingeyingum að skrifa. Allt sem Jón lét frá sér fara bar merki hins mikla hagleiksmanns, og samvirkusemi og nákvæmni ein-

ad Krossi í Landeyjum. Má þannig rekja ætt Jóns til hinnar kunnar Vefaraættar.

Árið 1898 fluttist Jón með foreldrum sínum og systur frá Þverá í Laxárdal til Reykjavíkur, en þangað komu þau einmitt á fjögurra ára afmælisdegi Jóns. Þar átti hann heima æ síðan, að undanskildum 6 árum, er fjölskyldan bjó í Hafnarfirði. Tengdaforeldrar mínir bjuggu einnig allan sinn búskap í sama húsi og Jón, og eftir að tengdamóðir mín missti mann sinn árið 1971 var Jón henni mikil stóð, enda alla tíð mikill kærleikur með þeim systkinum og þau mjög samrýnd.

Jón var alla ævi ókvæntur og bjó hann fyrst með foreldrum sínum, en á heimili þeirra ölst upp systurdóttir hans, Dóra Þorvaldsdóttir. Síðan bjó hann í mörg ár með móður sinni, eða þar til hún lézt árið 1957, að María systir hans, sem þá var ekkja, fluttist til hans. Sá hún um heimili fyrir hann að Eiríksgötu 4 af stakri alúð og umhyggjusemi þar til hann lézt.

Jón lauk stúdentsprófi árið 1914. Byrjaði hann í læknisfræði en hætti námi, og var haft eftir Guðmundi Hannessyni, prófessor, að hann hefði séð mikið eftir þeim nemanda vegna óvenjulegrar handlagi hans. Árið 1918 réðst Jón í þjónustu ríkisins og var þar allan sinn starfsaldur, lengst af hjá Vegagerð ríkisins. Auk þess vann hann í tómstundum sínum að margvíslegum hugðarefnum, gerði t.d. fjölda uppdratta af húsum, er reist hafa verið hér í borginni og annars staðar á landinu. Studdist hann í þessum efnum við ýmiss konar erlend rit um byggingarlist, því enga háskólamenntun hafði Jón í þessari grein. Eg ætla mér ekki að rekja starfsferil Jóns frekar, þar sem ég veit, að aðrir munu gera ýtarlega grein fyrir hinum umfangsmiklu störfum hans í þágu ríkisins og Ferðafélags Íslands, þar sem hann var heiðursfélagi í mörg ár.

Auk aðalstarfs síns hafði Jón mikinn áhuga á ferðamálum og náttúruskoðun og ræktun landsins var honum mjög hugfólginn. Nokkrar ferðir fór hann til útlanda, en helzt kaus hann að ferðast um sitt eigið land, og mun hann hafa þekkt það betur en flestir aðrir Íslendingar af ferðum sínum um landið þvert og endilangt. Í nóvember s.l. bauð Ferðafélag Íslands Jóni í Þorsmerkuferð, og gekk hann þá á Valahnjúk, þótt áttræður væri. Þetta var síðasta kveðja hans til Íslenskra öræfa. Jón þekkti því nær hverja Íslenska jurt og geysimörg örnefni landsins voru honum kunn, enda minni hans frábært. Starfaði hann og lengi að örnefnasöfnun vegna kortlagningar Íslands. Á þessum ferðum sínum eignaðist Jón fjölda kunningja um allt land og var víða auðsúgestur, enda bjó hann yfir frásagnargleði í ríkum mæli og hafði yndi af að fræða aðra um hin margvíslegustu efni.

Jón var að flestra dómi ákaflega sérstæður maður, búinn mörgum og góðum eðliskostum. Hann var hlédrægur mjög um eigin hag og högvær í allri framkomu og vildi öllum gott gera, enda stóðu margir í þakarskuld við hann. Jóni var mjög margt til lista lagt, dráttthagur mjög og teiknari góður. Kenndi hann teikningu við Menntaskólann í Reykjavík um 11 ára skeið, og hefi ég heyrt, að nemendur hans hafi rómað mjög hæfni hans til þess starfs. Má geta þess, að Jón teiknaði stúdentshúfuna um það leyti, sem hann varð stúdent, og átti hún því 60 ára afmæli á s.l. ári. Einnig aðstoðaði hann dr. Bjarna Sæmundsson við teikningar fjölda dýramynda, sem notaðar voru lengi við kennslu í M.R.

Jón skrifaðis snilldarrithönd eins og áður er getið, og hann átti kyn til, þar sem faðir hans skrifaði fagra rithönd og Benedikt Jónsson frá Auðnum, föðurbróðir hans, var sagður hafa kennt Þingeyingum að skrifa. Allt sem Jón lét frá sér fara bar merki hins mikla hagleiksmanns, og samvirkusemi og nákvæmni ein-

kenndu öll hans störf. Hann var iðjúsamur svo af bar og féll aldrei verk úr hendi. Var sama, hvenær litíð var til hans, ætíð var hann sístarandi í tímstundum sínum að ýmsum verkefnum. Stundum var hann að teikna merki eða fána fyrir Oddfellowstúkur á Íslandi, en hann var mjög virkur félagi þess félagskappar og heiðursfélagi st. Ingólfs nr. 1. Einnig var hann oft önnum kafinn við að útvúa hringsjár (útsýnisskífur) fyrir Ferðafélag Íslands eða aðra aðila. Svo mætti lengi telja.

Eg átti því láni að fagna að búa ásamt fjölskyldu minni í húsi Jóns Víðis á Eiríksgötu 4 um 10 ára skeið. Er ég þakklátari en orð fá lýst fyrir það, að synir mínir ölust upp fyrstu bernskuárin sín ekki aðeins undir verndarvæng afa og ömmu, heldur einnig í skjóli frændfólksins góða á efri hæðinni, Jóns og Maríu. Þar voru þeir ætíð velkomnir, og gaf Jón sér ævinlega tíma til að sinna þeim. Kom þar glögg í ljós, hversu barngóður hann var, enda hændust börn mjög að honum alla tíð.

Systursonum sínum var Jón sem bezt faðir. Tók hann þá unga drengi með sér sem aðstoðarmann í vegamælingum, hvern á fætur öðrum, alls um 30 ára tímabil. Var það ómetanlegur skóli fyrir þá alla og þeim hollt veganesti, og má segja, að þetta hafi markað lífsstarf þeirra að miklu leyti. Margir fleiri piltar, bæði skyldir og óskyldir störfuðu með Jóni á sumrin, og tregra þeir nú góðan læriföður og vin.

Jón var mjög umhugað um, að styrkja ættartengslin, og hann gerði sitt ýrasta til að svo mætti verða. Hann vildi greiða götu okkar allra og veita aðstoð og holl ráð, ef hann taldi þörf á. Í hinna árlegu Víðisferð, sem ungir og aldnir innan fjölskyldunnar tóku þátt í hin síðari ár, naut Jón sín vel, eins og reyndar ávallt, er fjölskyldan var saman komin. Þar kom að góðu gagni hinn mikli fróðleikur hans í ríki náttúrunnar, og honum gafst tækifæri til þess að fræða okkur um það, sem á vegi okkar varð eins og grös, blóm, steina og skeljar.

Þegar Jón varð áttræður á s.l. vori, var það ósk hans, að nokkrir úr fjölskyldunni færu með honum vestur að Hellu í Vatnsfirði til þess að girða þar land, sem systir hans, Sigríður og mágur, Jóhann Skaptason, fyrrv. sýslumaður á Húsavík, áttu. Hugsun Jóns var, að þarna skyldi ættinni helgað land til gróðursetningar í framtíðinni. Á þann veg kaus hann að halda hátíðleg þessi tímamót í lífi sínu.


Við hið svíplega fráfall Jóns Víðis hefur Ísland misst góðan son og fjölskylda hans styrka stóð og sinn bezta hollvin. Þakklæti er okkur þó efst í huga á þessari kveðju- og saknaðarstundu fyrir allt það, sem hann var okkur í lífanda lífi. Blessuð sé minning Jóns J. Víðis.

Guðrún Kristinsdóttir

Góður drengur kvaddur. SEINUSTU helgina í októbermánuði nýliðins árs vorum við Jón Víðis saman í stórum og glöðum hópi vina og ferðafélaga inni í Skagfjörðsskóla í Þorsmörk.

Þar bar m.a. dálítið á góma, hvað gamlir við værum hvor um sig. Jón hafði þá orðið áttræður fyrir um það bil hálfu ári. Hinn vantaði fáeina daga að sama tíma-marki. Svona var mjótt á milli.

Hinn aldni félagi okkar rifjaði þar upp í ágætri og skemmtilegri



S. Helgason hf. STEINIDJA

Elnhölt 4 Símar 26677 og 14254



Eiginmaður minn og bróðir,
STEFÁN ADALSTEINSSON,
Austurbrún 2,
lézt aðfaranótt mánudagsins 13. janúar.

Sesselja Jónsdóttir
Móses Aðalsteinsson.



Máður minn,
SIGURÐUR BJÖRNSSON,
Laugavegi 39,
lézt að Hrafnistu 11. þ.m.
Fyrir hönd vandamanna,

Helga Sveinsdóttir,
Görðum, Álftanesi.



Eiginmaður minn, faðir og sonur,
DANIEL JÓNASSON,
viðskiptafræðingur,
lézt að heimili sínu 11. þ.m.

Esther Rosenberg Jónasson,
Alfred Rosenberg Jónasson,
Ásta Jónsdóttir.



Föðurbróðir okkar,
ÓLI VILHJÁLMSON,
andaðist í Borgarspítalanum að kvöldi föstudags 10. janúar.

Thor Vilhjálmsson,
Helga Magnússon,
Guðmundur W. Vilhjálmsson,
Margrét Norland.



Móðir okkar,
ÓLÓF SIGURÐARDÓTTIR,
Bakkafliót 7, Garðahreppi,
aður húsfreyja að Laugarvatni, andaðist laugardaginn 11. janúar.

Karl Guðmundsson og systkini.



Dóttir mín og systir okkar,
SIGRÍÐUR
HJÁLMAUSDÓTTIR
BJERG,

verður jarðsett frá Fossvogs-kirkju miðvikudaginn 15. janúar kl. 1.30.

Hjálmar Þorsteinsson
frá Hofi og systkini.



Eiginmaður minn,
SIGURÐUR BJÖRNSSON,
trésmiður,
Kárástíg 7,
lézt í Landspítalanum 12. þ.m.

Málfríður Halldórsdóttir.

reðu eitt og annað úr minningum sínum frá langri starfsævi sinni.

Það var síður en svo, að á honum né máli hans mætti greina nein merki þess, að áður en næsti árshelmingur væri allur, yrði Jón fluttur úr okkar sýnilega heimi. Hann var hress sem ungur væri og lét sig ekki muna um að skreppa upp á Valahnjúk áður en haldið var til byggða, þrátt fyrir veðurgjóst og hálfu.

En „ég geng í hættu hvar ég fer“ geta þeir ekki síður sagt, sem á götum borgarinnar ferðast, og sannast það hér á sorglegan hátt.

I haustferðum Ferðafélagsins, þegar stjóri þess, velunnarar og blaðamenn brugðu sér út úr borg og byggð í því skyni að rabba saman á góðum stað um starf liðsins sumars og næstu framtíðarmálefni félagsins, höfðum við jafnan þá ánægju að hafa Jón Víðis með í hópnum.

Og á hverju hausti höfðum við honum eitt og annað sérstaklega að þakka.

Hann reyndist félaginu hinn ágætasti stuðningsmaður frá fyrstu árum þess og til hinstu stundar.

Frá því að Ferðafélagið hófst fyrst handa um sæluhúsbyggingar á hálendi Íslands, hefir Jón Víðis teiknað langflest slík hús. Og þau eru orðin allmörg. Í því starfi liggur mikil vinna. En fyrir alla þá vinnu hefur Jón aldrei tekið eyrisvirði. Þau verk hefir hann ávallt gefið félaginu.

Og Jón Víðis hefur unnið annað mikilsvert starf í þágu félagsins af sömu ósérplægni.

Ferðafélagið hefur reist hring-sjár eða útsýnisskífur allvíða á landinu, bæði í byggð sem á örfum. Voru til þess valdir staðir, þar sem útsýn er mikil og fögur. Á slíkar skífur eru rist í málum öll helstu nöfn fjalla og örnefna innan sjónviddar hvers staðar. Með því er ferðafólki gert auðvelt að átta sig og glöggva á umhverfi öllu, fjær og nær, út í ystu línur sjóndeilda.

Teikningar að öllum hringsjám félagsins gerði Jón Víðis. Til þess að inni slíkt af hendi þurfti mikla nákvæmni og ekki síður kunnugleik á landi og örnefnum. Yfir þessari kunáttu bjó Jón flestum framar. Og fyrir allt það verk tók hann aldrei gjald. Það var gjöf til félagsins, sem hann unni eins og landi sínu. Hann var því kunnugri en flestir landar hans. Meginævistarf sitt vann hann hjá Vegagerð ríkisins, eða frá 1922 til þess tíma er látið var af opinberum störfum fyrir aldurs sakir.

Það starf mun rekið af öðrum, er þar kann á full skil. Svo mun og um ætt hans og uppruna. Hann var Þingeyingur frá Þverá í Laxárdal. Hann var oft nefndur mælingamaður, enda var hann, auk menntaskóla og háskólanáms, sérmenntaður í landmælingum og kortagerð.

Með athugun sinni á vegaleiðum og vegastæðum um fjöll og heiðar sem og byggðir, þróaðist þekking hans á landinu. Hann var einn af þeim, sem fyrstum tókst að koma bíl yfir Sprengisand. Hann gerði mælingar og uppdrætti af fjölda kaupa og kaupstaða, auk vegamælinganna svo að segja hvarvetna um landið.

Sem áður er á drepið rita aðrir menn um uppruna Jóns Víðis og ævistörf.

Það er viðhorf hans til Ferðafélags Íslands og verk hans í þágu þess, sem gamlan mann, er senn siglir líka út úr kortinu, langar til að þakka honum, þakka honum fyrir hönd félagsins og okkar allra, sem þar höfum starfað ofurlítið undanfarna áratugi.

Það er mikil eftirsjá að ágætismönnum, en gæfa að hafa átt þá.
Hallgrímur Jónasson.

Þegar Jón J. Víðis réðst til starfa hjá vegamálastjóra árið 1922, hafði hann um fjögurra ára skeið unnið hjá vitamálastjóra við dýptarmælingar og gerð uppdrátta af fjölda hafna og lendingarstaða víða um land.

Fyrstu 20 árin var aðalstarf Jóns hjá Vegagerðinni mælingar og kortagerð af skipulagsskyldum stöðum, enda kortlagði hann á þessum árum alla kaupstaði landsins nema Reykjavík og Vest-

mannaeyjar. Auk þess kortlagði hann fjölda sjávarþorpa. Til skamms tíma hafa uppdrættir hans verið þeir einu nothæfu í mörgum kaupaunum, þó að víða hafi verið aukið við þá að sjálf-sögðu.

Eftir að embætti skipulagsstjóra var stofnað á stríðsárunum, starfaði hann nær eingöngu að vegmælingum hjá Vegagerðinni til ársloka 1969, en þá hafði hann liðlega fimm um sjötugt.

Hér verða ekki taldir upp þeir fjölmörgu vegir, sem Jón mældi fyrir og gerði áætlanir um, en nefna má Austurveg, sem nú heitir að hluta Þrengslavegur, flesta vegi á Vestfjörðum, sem lagðir voru fram til 1970, og marga vegi í öllum landshlutum.

Auk vegmælinganna teiknaði Jón flest hús, sem Vegagerðin lét reisa, meðan hann starfaði þar. Auk þess teiknaði hann fjölda bygginga í Reykjavík og úti um land, þar á meðal nær öll sæluhús Ferðafélags Íslands, en starfi hans fyrir það félag verða gerð skil af öðrum.

Jón var teiknari af Guðs náð og gat á skammri stund rissað landslag eftir minni, þegar rætt var um

legu vegar. Skýrslur sínar og áætlanir prýddi hann oft slíkum teikningum, sem sýndu legu vegar í landslaginu, og minnst ég þess ekki að hafa séð aðra mælingamenn eða verkfræðinga leika slíkt eftir. Næmleiki Jóns fyrir línun og formi gerði honum auðvelt að átta sig fljótt á því, hvar veglína færi vel í landslagi, og bera margir vegir þess glögg merki eins og t.d. Vestfjarðavegurinn um Dynjandisheiði.

Leikni Jóns í teikningu var snemma kunn, og var hann fenginn til að kenna teikningu við Menntaskólann í Reykjavík árið 1919. Kenndi hann þar til ársins 1929, en varð þá að hætta sökum annríkis hjá Vegagerðinni. Af kennslunni hafði hann mikla ánægju.

Ég kynntist Jóni fyrst, er ég hóf störf hjá Vegagerðinni fyrir nær 30 árum, þá ungur og öreyndur verkfræðingur með öllu óvanur mælingum. Fyrsta árið fór ég margar ferðir með Jóni í mælingar við Markarfljót og víðar. Í þessum ferðum lærði ég margt af honum um hagsýni og skipuleg vinnubrögð, sem hann hafði tamið í áralöngu starfi. Hann var hinn mesti dugnaðarforkur og

taldi ekki alltaf tímana eins og nú tíðkast. Hann var óhemju duglegur göngumaður, og þó kominn væri á áttræðisaldur, áttu margir af hinum ungu aðstoðarmönnum hans fullt í fangi með að fylgja honum eftir.

Jón hafði mikið yndi af ferðalögum á örfum, og minnst ég enn vikuferðar um Sprengisand 1958, en sú ferð var farin til að kanna hugsanlega vegagerð þá leið. Jón lék þá á als oddi og mundi í smáatriðum flest, sem hent hafði hann og félag hans á fyrstu bílferðinni yfir Sprengisand sumarið 1933, en sú ferðasaga er fyrir löngu þjóðkunn orðin.

Frábær reglusemi og samvizkusemi einkepnðu öll störf Jóns. Voru honum því snemma falin ýmis aukastörf, sem kröfðust mikillar natni. Hann var t.d. afgreiðslumaður Tímarits Verkfræðingafélagsins um áratuga skeið. Í viðurkenningarskyni fyrir störf sín í þágu félagsins og störf sín við land- og vegmælingar var hann kjörinn félagi í Verkfræðingafélaginu árið 1954.

Eitt af mörgum verkefnum, sem Jón vann að í fristundum sínum, var að teikna hringsjár

fyrir Ferðafélagið og ýmsa aðra aðila. Var sú fyrsta sett upp á Valhúshæð á Seltjarnarnesi sumarið 1937. Á sumri komanda verður þeirri seinustu komið fyrir á Kambabrunn við nýja veginn yfir Hellið. Á þessu sviði hefur Jón unnið mjög merkilegt starf, allt í háverkum af áhuga einum saman.

Seinast hitti ég Jón hinn 19. des. á fyrirlestri um umhverfismál í Háskólanum. Hafði hann sótt þessa fyrirlestur vikulega í haust og vetur. Sýnir það, hve vakandi áhugi hans var á náttúruverndarmálum, þótt kominn væri á nírræðisaldur. Tveimur dögum síðar lenti hann í umferðarslysi, sem dró hann til dauða hinn 6. þ.m.

Jón var mikið þróðumenni í allri framgöngu og einstakt ljúfmenni í daglegri umgengni. Minnst ég þess ekki að hafa séð hann skipta skapi í þau 25 ár, sem við unnum saman. Samstarfsmenn Jóns hjá Vegagerðinni í nær hálfa öld eru orðnir margir. Eg veit, að ég mæli fyrir munn okkar, sem eftir erum, er ég þakka honum samstarfið og kveð hann með söknuði.

Sigurður Jóhannsson

Helga Antonía Óskarsdóttir

Fædd 22.9 1953
Dáin 3.1 1975.

Að Helga sé horfin frá hinu jarðneska lífi, er erfitt að setta sig við og fyllir okkur, sem eftir lifum, tómleika og söknuði. Allt frá því að hún leit fyrst dagsins ljós þann 22. september 1953, flutti hún með sér birtu og hlýju. Ég minnst þess, hve gleði mín var mikil, þegar hún fæddist og hve hreykinn ég var að eiga svo fallega litla systur. Þegar fram liðu stundir komu í ljós margir góðir kostir, bæði við umgengni og í framkomu, sem urðu henni til góðs á hinn alltof stuttu jarðnesku göngu.

Það er sagt, að mannkostir komi best í ljós, þegar erfiðleikar stöðja að og sannaðist það hér, í baráttu við þungan sjúkdóm og á löngum sjúkrahúslegum. Aldrei var gefist upp og stöðugt trúað á bata og voru heimsóknir til hennar á sjúkrahúsið ávallt til ánægju. En enginn fær ráðið við manninn með ljáinn, þó að ótrúlegur lífsþorsti og kraftur sé fyrir hendi.

En þó margar torfærur væru á veginum, lifði hún samt skemmtilegu og fjölbreyttu lífi og eignaðist frábærar vinkonur og vini, sem voru henni traustir, bæði í veikindum og á gleðistundum. Eg flyt þeim sérstakar þakkir okkar aðstandenda, þó að vináttu þurfi ekki að þakka, því hún er sjálfþökkud, þegar hún er gagnkvæm. Þá flyt ég læknum og starfslíði sjúkrahúsa alúðarþakki.

Aðfangadagskvöld síðustu jóla verður okkur öllum ógleymanlegt, því þar ríkti gleði og ánægja og yfir Helgu var fegurð, ró og hamingja, því gat engan grunað að svo stutt væri til kveðjustundar, sem þó er runnin upp. Litlu bróðurbörnin munu sakna hennar, þó lítil séu og hugur okkar hinna er dapur. Ég og konan mín þökkum fyrir ánægjulegar samverustundir og biðjum guð að blessa minningu hennar.

Bróðir.

I dag er til grafar borin hjartkær vinkona okkar, Helga Óskarsdóttir, sem lézt 3. janúar s.l. aðeins 21 árs að aldri. Eftir margra ára baráttu við sjúkdóm, sem reyndist banvænn, er hún kölluð heðan í blóma lífsins, þegar glæst framtíð virtist blasa við sökum mannkosta hennar, hugrekki og tryggyndis. Við vinkonurnar stöndum eftir og fáum vart trúað því, að Helga sé skurð horfin, sem ætíð var miðdepillinn á gleðistundum okkar og ávallt varð til þess að koma öðrum í gott skap, ef einhver var leiður. Glæðlyndi hennar var eins og ljósgeisli



í lífi okkar. Við eignuðumst margvíslega lífsreynslu, bæði í gleði og sorg, en Helga hugsaði ætíð svo fallega, að þegar við nú höfum misst hana, finnum við til einmálekans, því skarð hennar verður aldrei fyllt.

Minningarnar sækja á huga okkar, minningar frá samverustundum og ferðalögum, en mest hugsum við til þess, hve hún háði sjúkdómsbaráttu sína af mikilli hugþrói og reyndi að láta ekkert skyggja á gleðina, því með henni bjó einhver yndisleg innri þrá, einhver ljósneisti lífsins sem brá birtu sinni á líf okkar. Þótt við kveðjum Helgu nú, verður minning hennar okkur geymd ævinlega.

Við vottum ástkærum foreldrum hennar, systur og bróður dýpstu samúð og hugsum með hluttekningu til ömmu hennar á Djúpavogi, þar sem Helga átti margar ánægjulegar stundir á yngri árum.

Guð blessi og geymi okkar kærur vinkonu.

Jónína og Birna.

I DAG er til moldar borin Helga Antonía Óskarsdóttir, rúmlega tvítug að aldri.

Okkur finnst það alltaf undarlegt, þegar ungt fólk, sem virðist vera að byrja sína lífsgöngu, er kallað á brott úr þessu jarðneska lífi. Hvað þekkjum við ekki marga, sem komnir eru á efri ár og eru búnir að skila sínu lífsstarfi, sem þrá og jafnvel biðja um að fá hvíldina, en fá hana ekki, meðan margir yngri, sem þrá að lifa, fá það ekki og eru kallaðir heðan, þó ekki alltaf án fyrirfara.

Á síðast líðnu hausti kenndi Helga sér þess meins, sem leiddi hana til dauða á aðeins örfáum mánuðum, og held ég, að maður

verði að þakka góðum Guði fyrir að lengja ekki hennar dauðastríð umfram það, sem orðið var, sérstaklega eftir að séð var, að hverju stefndi. Undirritaður kynntist Helgu, eftir að hafa auglýst eftir afgreiðslutölu í búð. Hvað, sem menn vilja kalla það, þá ákvað ég að ráða Helgu til starfars, eftir að hafa farið yfir um 50 umsóknir og áður en rætt var við nokkra þeirra er um sóttu. Þó virtust margar þeirra hafa meiri starfsreynslu og kannski meiri vörubekkingu en hennar högværa og þrúða umsókn bar með sér.

Varla þarf ég að taka það fram, að ekki varð ég fyrir vonbrigðum með hana. Henni var hægt að treysta til hins ýrasta, og lipurð hennar og högværdi í umgengni við viðskiptamenn verzlunarinnar voru að allra dómi, sem henni kynntust, lýtalaus, enda hafa margir óviðkomandi spurt um líðan hennar eftir að það fréttist, að hún gengi ekki heil til skógar og sýnir það hvað best, hvern mann hún hafði að geyma. Ekki veit ég með vissu hvort

hún vissi hvert stefndi, en grun hefi ég um það, en hvernig sem því hefur verið farið, þá tók hún því sem að höndum bar, með jafnaðargeði.

Hún hlakkaði mjög til að fá að vera heima um jólin, umvafin hlýju og ástúð foreldra sinna og heimilis. Að vísu var það skammvinn dvöl, en samt.

Foreldrar Helgu eru hjónin Svava Arnadóttir og Óskur Emils-son til heimilis að Bólstaðarhlíð 42 hér í bæ. Þar hlýtur söknuðurinn og sorgin að vera mest, og eins hjá 11 ára systur Helgu, Haf-ðisi, sem sér á eftir elskulegri systur og félagi. Einnig hjá hálfbróður Helgu, Birgi, sem hún mat mikils og var henni einkar kær og góður.

Sá sem þetta ritar, svo og samstarfsfólk hennar í Óculus, þakkar Helgu innilega fyrir samveruna og óskar henni góðrar ferðar yfir móðuna miklu. Megi góður Guð styrkja og blessa ástvinu hennar og vera með þeim í þeirra þungbæru sorg.

Reynir Sigurðsson.

Minning:

Bernharð Grétar Kjartansson

Fæddur 27. nóvember 1951
Dáinn 21. desember 1974.

Með nokkrum fátæklegum orðum langar mig til að minnst vinnars Grétars.

Leiðir okkar lágu fyrst saman austur á Ástjörn og þar hófst vináttan okkar. Grétar undi sér vel, og ekki minnst ég þess að honum hafi nokkru sinni leiðst. Hann var starfsamur og hafði alltaf nóg að gera. Hann var mjög geðgóður og hjálpsamur, og oft sá er fyrstur rétti upp höndina þegar ég var að biðja um hjálpu. Hann var kraftmikill og þolinn og ég minnst gleði hans þegar hann vann svokallað Ástjarnarhlaup og var langfyrstur í mark. Bátarnir heilluðu hann mikið og reri hann oft af miklu kappi. Grétar stundaði mikið íþróttir, og nú voru það lyftingar sem heilluðu huga hans, árangur hans varð svo góður að hann varð Íslandsmeistari í sínum þyngdarflokki.

Grétar spurði oft um Ástjörn og fylgdist með öllu sem þar gerðist. Oft hafði hann orð á því að gaman væri að getað dvalið í ró og næði hjá okkur nokkra daga, og einmitt nú fyrir nokkru sagði hann að sennilega léti hann verða af því næsta sumar.

Sem unglingur vann hann nokkurn tíma á Skógerð lóunnar og var þar undir minni stjórn, þar reyndist hann bæði duglegur og hlýðinn. Þá heillaði sjórinn hann



eins og marga unga menn og lengst var hann á gamla Svalbak, einnig þar fékk hann góðan vitnisburð. Grétar var ókvæntur, en hann átti 5 ára dóttur. Fyrir rúmu ári hóf hann störf hjá ullarverksmiðju Gefjunar, leiðir okkar lágu oft saman því við höfðum verið nágrannar síðan hann var drengur.

Grétar verður mér minnisstædur fyrir hversu fallegt brós hann átti og hina fólkskvalausu framkomu. Eg votta fjölskyldunni í Kambsmýri 10 mína dýpstu samúð og einnig öðrum ættingjum og ég bið Guð að styrkja ykkur öll.

Bogi Pétursson.

JÓN J. VÍÐIS

Fæddur 31. maí 1894.
Dáinn 6. janúar 1975.

Árið 1844 reistu ung nýgift hjón bú að Þverá í Laxárdal í Suður-Þingeyjar-sýslu, þau hétu Jón Jóakimsson og Herdís Asmundsdóttir. Hann var sonur Jóakims Ketilssonar, bónda að Mýlaugsstöðum í Aðalreykjadal og Aðalbjargar Pálsdóttur frá Héðinshöfða, konu hans. Ketill faðir Jóakims var Tómasson Bjarnasonar frá Fnjóskadal, en kona hans hét Halldóra Sigurðardóttir. Þau bjuggu að Sigurðarstöðum í Bárðardal. Frá þeim hjónum er mikill og merkur ættbogi kominn, oft nefndur Ketilsætt. Þar á meðal eru flestir fyrstu brautryðjendur samvinnustefnunnar í Þingeyjar- og Eyja-fjarðarsýslu.

Kona Jóns Jóakimssonar, Herdís Asmundsdóttir, var frá Stóruvöllum í Bárðardal, dóttir Asmundar Davíðssonar, bónda þar, og Guðnýjar dóttur Jóns ríka á Mýri Jónssonar Halldórs-sonar á Mýri.

Jón Jóakimsson var lærður trésmiður, og búmaður reyndist hann svo að af bar um reglusemi alla og þrífnað í búi, enda vann hann jörð sína upp úr niðurníðslu í sannarlegt fyrirmyndar höfuðból.

Jafnframt búskapnum sinnti hann mjög málefnum sveitar sinnar, því lengst af búskaparíð sinni var hann jafnframt hreppstjóri, en því starfi fylgdi lengi umsjá fátækrafráfaris, sem krafðist mikils tíma forsjár og ráðdeildar.

Jón Jóakimsson ritaði dagbók alla sína búskaparíð. Hún er varðveitt í Héraðsskjalasafni Þingeyinga. Ber hún nákvæmni og reglusemi ritarans ljósan vott. Jafnframt sem hún lýsir búskap þeirra hjóna og heimilisháttum, veitir hún miklar upplýsingar um veðurfar og búnaðarafkomu í héraðinu.

Herdís Asmundsdóttir var greind kona og gófug og manni sínum samhent um heill heimilisins, en hún virðist hafa verið fremur heilsutæp og andaðist haustið 1860.

Þau Jón og Herdís eignuðust þrjá sonu og þrjár dætur, sem til aldurs komust.

Synirnir voru: Benedikt, síðar bóndi



á Auðnum og sýsluskrifari í Húsavík, mikill félags og fræðifrömuður, Snorri, bóndi og hreppstjóri á Þverá og Jón, sem var yngstur þeirra systkina.

Dæturnar voru: Aðalbjörg, gift Hólmgeiri Þorsteinssyni, bónda í Vallkoti í Reykjadal, Guðný, gift Baldvini Sigurðssyni, bónda í Garði í Aðaldal, og María, gift Sigurgeiri Péturssyni í Reykjavíki. Þau fluttust til Ameríku.

Eftir lát Herdísar Asmundsdóttur bjó Jón nokkur ár með ráðskonu og eignuðust þau son, sem hét Skafti. Hann kvæntist ekki.

Árið 1866 kvæntist Jón öðru sinni og þá Bergljótu Guttormsdóttur frá Arnheiðarstöðum í Fljótaldal. Þeim varð ekki barna auðið, en hún gekk börnum hans í móður stað og gat sér hið bezta orð í sínu vandasama stjúpmodur — og húsmóðurstarfi, virt og elskuð af eiginmanni og stjúp börnum.

Jón Jóakimsson andaðist hinn 16. apríl 1893, 77 ára að aldri.

Um hann segir hinn merki samvinnufrömuður Jakob Hálfðánarson: „Það voru ríkulegar menjar hamingjusamrar æfi, sem Jón lét eftir sig. Á Þverá allsnægta bú, innan húss og utan, hin trausta og góða bygging, sem áður er minnst á (bæjarhúsin), og að aukimjög vönduð steinkirkja, byggð árið 1878. Jörðina Þverá átti hann nú,

bætta að túni og engjum, vel eftir því sem erfiðir staðhættir til þeirra hluta leyfa þar í sveit. Ennfremur hafði hann keypt, á seinni hluta búskaparára sinna, jörðina Garð í Aðaldal, eitt af höfuðbólum sýslunnar til forna.”

Á heimili Jóns var Kaupfélag Þingeyinga stofnað árið 1882.

Öll börn Jóns voru góðum gáfum gædd og reyndust hinir merkustu þjóðfélagsborgarar.

Þegar Jón Jóakimsson andaðist, voru báðir eldri synir hans kvæntir og brott fluttir og farnir að búa á öðrum jörðum í héraðinu.

En yngsti sonurinn, Jón, var heima og nýlega kvæntur Halldóru Sigurðardóttur, bróðurdóttur Bergljótar Guttormsdóttur, síðari konu föður síns, bráðgreindi ágætiskonu.

Foreldrar Halldóru voru Sigurður Guttormsson, bóndi í Kolstaðagerði á Völlum í Suður-Múlasýslu og Guðrður Eiríksdóttir frá Skriðuklaustri í Fljótaldal, alsystir Jónasar skólastjóra á Eiðum. Faðir Sigurðar var Guttormur, stúdent og alþingismaður á Arnheiðarstöðum í Fljótaldal, Vigfússon, prests á Valþjófsstað, Ormssonar. En kona Guttorms og móðir Sigurðar var Halldóra Jónsdóttir Þorsteinssonar, vefara, sem hin kunna Vefaraætt á Fljótaldalshéraði er við kennd.

Þau Jón og Halldóra tóku við búskap á Þverá eftir andlát Jóns Jóakimssonar og bjuggu þar til ársins 1898, er þau brugðu búi og fluttust til Reykjavíkur, en Snorri bróðir Jóns fluttist að Þverá.

Á Þverá eignuðust þau Jón og Halldóra 4 börn, sem fluttust með þeim til Reykjavíkur. Þau voru Auður, Jón, María og Sigrður. En í Reykjavík eignuðust þau fjórðu dótturina, Þornýju.

Jón Jónsson hafði gengið í Möðruvallaskólann og verið þar samtíma Asgeiri Sigurðssyni, síðar konsúli og kaupmanni í Reykjavík. Hann réðst nú til starfa hjá þessum skólabróður sínum. Fljótlega festist við hann í Reykjavík kenningarheitið Þveræingur. Var hann því þekktur þar sem Jón Þveræingur. Hann fluttist til Hafnarfjarðar 1909 og starfaði þar til 1914, en fluttist þá aftur til Reykjavíkur.

Jón yngri Jónsson óx upp í Reykjavík hjá foreldrum sínum og í hópi systra sinna og hafði snemma opin augu fyrir lífinu í náttúrunni umhverfis Reykjavík, lærði fljótt að þekkja nöfn á grösom og blómum, skeljum og kuðungum, fuglum og fiskum. Jafnframt var hann strax mjög hugkvæmur í sambandi við barnaleikina og snjall í öllum bernskubúskaparháttum. Hann gekk í barnaskóla Reykjavíkur hjá Morten Hansen og þaðan síðan beint í Menntaskólann og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 1914. Um haustið innritaðist hann í læknadeild háskólans og stundaði þar nám í 3 ár. En hætti þá því námi og sneri sér að öðrum viðfangsefnum.

A skólaárum sínum, sem barn og unglingur, var Jón stundum í sveit á sumrin og kynntist þá sveitafólkinu og sveitalífinu. Sem barn var hann í sveit hjá fœðurfólki sínu í Þingeyjarsýslu eitt sumar, en sem ungur námsmaður hjá frændfólki móður sinnar að Stafafelli í Lóni og síðar var hann í kaupvinnu að Miðhúsum í Reykhólasveit, hjá Oddi lækni Jónssyni. Einnig vann hann við símalagningar út um land, og eitt sumar vann hann í kolanám-unn á Tjörnesi.

Hann kynntist því strax á ungum aldri vltt um landið og hélt áfram alla ævi að bæta við þau kynni.

Líklega hefir Jóni fundizt nafn sitt, Jón Jónsson, nokkuð algengt og lítið auðkennandi, því þegar ættarnafnalögin komu, ákvað hann og nokkrir kunningjar hans að taka sér ættarnafn. Valdi hann sér, ásamt systur sínum, nafnið Viðis, eftir fögnum hólma í Laxá í Þverárlandi, sem heitir Viðir.

Þegar Jón Viðis hætti læknisfræðináminu, ákvað hann að leggja stund á landmælingar og kortagerð. Frá æsku hafði hann haft mikla ánægju af dráttlist og málalagningu og hafði stundað hvorttveggja lítils háttar í fristundum.

Hann tók nú þátt í mælinganámsskeiði Verkfræðingafélags Íslands 1918 og naut síðar kennslu tveggja verkfræðinga í landmælingu og kortagerð. Árið 1921 fór hann námsferð til Norðurlanda.

Hann var starfsmaður hjá vita- og hafnarmálastjóra árin 1918 til 1922 og gerði þá dýptarmælingar á um 30 höfnum víðsvegar um landið og gerði teikningar af þeim.

Á árinu 1922 réðst hann til vegamálastjóra, sem þá annaðist mælingu og kortagerð af kaupstöðum landsins og kaupþúnum, til undirbúnings kaupstöðum landsins nema Reykjavík og Vestmannaeyjum og flestum kaupþúnum.

Síðar vann Jón aðallega að vali vegstæða, vegamælingum og útreikningi á kostnaði við lagningu vega víðsvegar um land en þó einkum á Vestfjörðum.

Um þessi störf Jóns segir Sigurður Jóhannsson, vegamálastjóri í minningargrein um hann:

„Jón var teiknari af Guðs náð og gat á skammri stund rissað landslag eftir minni, þegar rætt var um legu vegar. Skýrslur sínar og áætlanir prýddi hann oft slíkum teikningum, sem sýndu legu vegar í landslagi, og minnst ég þess ekki að hafa séð aðra mælingamenn eða verkfræðinga leika slíkt eftir. Næmleiki Jóns fyrir línunum og formi gerði honum auðvelt að átta sig fljótt á því, hvar veglína færi vel í landslagi, og bera margir vegir þess glögg merki eins og t.d. Vestfjarðavegurinn um Dynjandisheiði“.

Jón annabist prófarkalestur Íslandsuppráttar af Norður- og Austurlandi. Teiknikennari var hann við Menntaskólann í Reykjavík 1919-1929. Hann var mjög laginn kennari og vinsæll af nemendum.

Árið 1921 öðlaðist hann réttindi til að vinna að húsaateikningum og hefir gert uppráttir að ýmsum byggingum, meðal annars verkstæðum, gistihúsum, íbúðarhúsum og húsum Ferðafélags Íslands (gistiskálum).

Um störf Jóns Viðis fyrir Ferðafélag Íslands segir Hallgrímur Jónsson, kennari, um hann í minningargrein:

„Frá því að ferðafélagið hófst fyrst handa um sæluhúsabyggingar á hálendi Íslands hefir Jón Viðis teiknað langflest slík hús, og þau eru orðin allmörg. Í því starfi liggur mikil vinna. En fyrir alla þá vinnu hefir Jón aldrei tekið eyrisvirði. Þau verk hefir hann ávallt gefið ferðafélaginu.“

Og Jón Viðis hefir unnið annað mikilsvert starf í þágu félagsins af sömu ósérplægni. Ferðafélagið hefir reist hringsjár eða útsýnisskífur allvíða á landinu, bæði í byggð sem á öræfum. Voru til þess valdir staðir, þar sem útsýn er mikil og fögur. Á slíkar skífur eru rist í málum öll helztu nöfn fjalla og örnefna innan sjónviddar hvers staðar. Með því er ferðafólki gert auðvelt að átta sig og glöggva á umhverfi öllu, fjær og nær, út í yztu línur sjóndeildar.

Teikningar að öllum hringsjám félagsins gerði Jón Viðis. Til þess að inna slíkt af hendi þurfti mikla nákvæmni og ekki síður kunnugleika á landi og örnefnum. Yfir þessari kunnáttu bjó Jón flestum frammar. Og fyrir allt það verk tók hann aldrei gjald. Það var gjöf til félagsins, sem hann unni eins og landi sínu. Hann var því kunnugri en flestir landar hans“.

Jón Viðis var mjög dráttgaur og

teiknaði margt táknrænna merkja fyrir félög, þar á meðal fyrir Oddfellowregluna, sem hann var mjög virkur félagi í frá ungum aldri. Á síðustu árum teiknaði hann flestar útsýnisskífur, sem settar hafa verið upp víðsvegar um landið. Hann var einstakur eljumaður til vinnu og féll ekki verk úr hendi frá morgni fram á nótt. En þá tók hann oft til við lestur, því hann las mikið.

Í starfi sínu þurfti hann að ferðast víðsvegar um landið. Fridagana notaði hann til að ferðast um umhverfi þeirra staða, sem hann vann á, til þess að kynna þvi enn betur en starfið gaf tilefni til. Gekk hann þá oft á fjöll til að njóta sem bezts útsýnis, því ekki var hann sporlatur, enda leti hugtak, sem ekki var til í fari hans.

Frá blaut barnsbeini var hann mjög áhugasamur um að kynna landinu, gróðri þess og dýralífi. Hann mun hafa ferðast um allar sveitir landsins nema Hornstrandir og oft um flestar. Á æskuárum hóf hann gönguferðir um hálendið og hélt hálendisferðum áfram í bifreiðum, þegar þær komu til sögunnar á þeim slóðum, fór meðal annars, ásamt félögum sínum, fyrstu ferð á bifreið yfir Sprengisand, alla leið frá Suðurlandi til Norðurlands, áður en nokkrar leiðir höfðu verið ruddar eða lagfærðar þar. Veit ég engan mann hafa haft honum víðtækari þekkingu um allt landið.

Við störf sín víðsvegar um landið hafði Jón jafnan unglunga eða æskumenn sér til aðstoðar. Alltaf var hann þeim góður húsbóndi og lærifaðir í senn. Mörgum þeirra er ég kunnugur og ljúka þeir allir upp einum munni um það, hve gott hafi verið og lærðomsríkt að vera með honum í starfi.

Jón Viðis var framúrskarandi vandvirkur. Allar mælingar sínar framkvæmdi hann af stakri nákvæmni, og mælingabækur hans, sem hann varð að rita í hendi sér, standandi úti í ýmsum veðrum, voru jafnan mjög vel færðar. Kortin, sem hann teiknaði á vetrum, eftir mælingabókunum, voru hárnákvæm og í hvívetna snyrtilega frágengin.

Ekki sparaði hann sporin, þegar hann var að leita að hagkvæmstu vegstæðunum, enda varð hann að glíma við erfiðustu þrautir landsins á því sviði, þar sem var vegstæðaval á Vestfjörðum. En vegir hans þar eru lagðir af snjallri hugkvæmni.

Jón Viðis var einstakur reglumaður í öllu sínu líferni. Áhugasamur um velferð lands og lýðs og reiðubúinn að leggja hverju góðu máli lið eftir getu. Fjölskyldu sinni hefur hann verið mikill haurk í horni, bæði efahagslega

Íslendingaþættir

og sem fyrirmynd frændgarðsins að reglusemi og dugnaði.

Hann komst í allgóð efni, enda vann hann ósleitilega langan vinnudag. Hann fór vel með efni sín, en var stórtækur í útlátum, þegar honum þótti við þurfa. Sannaðist það í stuðningi hans við margt skyldmenna sinna og í fjárfraðslögum til safnahúss Þingeyinga, sem hann gaf fyrst kr. 300.000.00 og síðan húseignina Hverfisgötu 40 í Reykjavík. Það er göfugur vottur um áttahagatryggð hans, enda unni hann ættbyggð sinni af alhug.

Góð greind, reglusemi og framfaraprág einkennir ætt hans, auk listrænna hæfileika, sem við hafa komið fram í mikilli fjölbreytni hjá eldri og yngri ættleggjum.

Jón Víðis var ljúfur maður í viðkynningu, skapprúður og góður heim að sækja, léttur í máli og ákveðinn í skoðunum og flutti mál sitt af rökfestu.

Gott þótti honum á seinni árum að rifja upp kynni sín af landi og fólki og var þá jafnan fullur áhuga um frekari kynni. Á ferðum sínum um landið hafði jafnan myndavél með sér og safnaði þannig miklum fjölda mynda, víðsvegar að af landinu. Á síðustu árum safnaði hann litglærum og sýndi þær oft gestum sínum og fræddi þá jafnframt frekar um staðhætti og umhverfi.

Ég kynntist Jóni fyrst fyrir 63 árum, er ég var 8 ára en hann 18. Hann kom þá í heimsókn til móðurfrænda sinna austur á Fljótshálsbæ. Þá safnaði hann í kringum sig smáfólkinu og fór með það út um tún, holt og móa, til að kenna því nöfn á blómum og vekja áhuga á fegurð og fjölbreytni jurtanna.

Síðar naut ég þeirrar ánægju að starfa með honum sumrin 1925–1927 að mælingum í Hafnarfirði, Seyðisfirði, Neskaupstað og Siglufirði og kynntist ég þá vel áhuga hans og nákvæmni í starfi og fræddist jafnframt af honum um margvísleg efni, auk ánægjunnar af ferðalögum, sem við fórum í um helgar.

A háskólaárum mínum naut ég þess að búa í húsi Jóns á heimili foreldra hans, og síðan var hann mér jafnan sem bezt bróðir, hjálpsamur og ráðhollur í hvívetna.

Eftir að hann fór að vinna að vegamálum á Vestfjörðum nutum við hjónin heimsóknir hans á hverju sumri og þá ferðaðist ég oft með honum, er hann valdi vegstæði í Barðastrandarsýslu. Eftir að hann hætti störfum hjá vegagerð ríkisins, dvaldist hann hjá okkur nokkrar vikur á hverju sumri hér nyrðra og naut þess að ferðast um ættbyggð sína og hafa samneyti við ættmenn sína og samsýslunga.

Heimili hans í Reykjavík var alltaf

MINNING

Guðbjörg Guðmundsdóttir

hárgreiðslukona

Fædd 2. maí 1927.

Dáin 13. apríl 1975.

Guðbjörg, eða Gugga eins og hún var alltaf kölluð af ættingjum og vinum, var dóttir hjónanna Agústu Guðjónsdóttur og Guðmundar Guðmundssonar prentara, sem starfaði í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg í meira en hálfa öld. Hún var elst þriggja barna þeirra hjóna.

Ung að árum hóf Gugga hárgreiðslunám hér í borg, og varð brátt mjög eftirsótt sem slík vegna vandvirkni sinnar og smekkvísi. Skömmu eftir að hún lauk námi fór hún til Kaupmannahafnar til frekara náms í iðn sinni. Þar kynntist hún þeim manni, sem síðar átti eftir að verða eiginmaður hennar og lífsförunautur. Því er ekki að leyna að það vakti nokkra eftirvæntingu ættingja og vina,



okkar annað heimili, er við komum þangað.

Jón Víðis kvæntist ekki. Heimili hans var hjá foreldrum hans meðan þau lifðu, en forsjá þess heimilis hvíldi á hans herðum, er aldur færðist yfir foreldra hans. Faðir hans andaðist árið 1940, áttæður að aldri, en móðir hans veitti heimilinu áfram forstöðu, unz hún lézt 1957, 90 ára. Þá fluttist María systir hans til hans og veitti heimilinu forstöðu eftir það.

Árið 1922 keypti Jón húseignina nr. 40 við Hverfisgötu í Reykjavík. Þar bjó fjölskyldan síðan fram undir 1940, er hún flutti að Eiríksgötu 4. Þar bjó hún síðan.

Jón átti hlýlegt og aðlaðandi heimili, prýtt málverkum og blómum. Hann var áhugasamur um ræktun og undi sér vel við að hlúa að gróðri í garði sínum. Allur ættleggurinn var jafnan velkominn á heimili hans, enda var hann sannur ættarhöfðingi, sem yngra fólk- ið elskaði og virti.

Hið sviplega fráfall hans kom sem reiðarslag yfir alla hans nánustu vandamenn. Hans er sárt saknað, en jafnframt eru ættmennin forsjóninni þakklát fyrir að hafa notið samfylgdar hans til svo hárrar elli.

Húsavík, á páskum 1975

Jóhann Skaptason.

þegar fréttist að hún Gugga væri heitbundin ungum Dana, Harry Sønder-skov, frá Kastrup, einni útborg Kaupmannahafnar. Komu þau síðan út hingað og gengu í heilagt hjónaband. Fór það ekki framhjá neinum að nú sem áður hafði Gugga ekki flanað að neinu. Hún hafði valið vel, og var jafnræði gott með ungu hjónunum, kærleikur og gagnkvæm virðing, sem ekki brást. Ekki varð annað séð en Daninn ungi yndi hag sínum hér á Íslandi, því hér hafa þau búið að undanteknum fáum árum, sem þau bjuggu í Kaupmannahöfn. Bygðu þau sér fagurt og smekklegt heimili að Erluhrauni 5 í Hafnarfirði, þar sem maður hennar fékk vinnu þar í bæ, og í nýja húsinu var innréttuð hárgreiðslustofa, þar sem Gugga vann við mikinn og góðan orðstír til dauðadags. Eignuðust þau hjón tvo syni, Gunnar og Helga, sem nú eru uppkomnir.

Ekki er of djúpt tekið í árinna þótt sagt sé að nú hafa margir misst mikið við hið sviplega fráfall hennar. Það áttu margir hark í horni þar sem Gugga var. Hún vildi öllum líðsinna og lá aldrei á líði sínu, þegar ættingjar og vinir leituðu til hennar. Foreldrum sínum var hún sérlega góð dóttir meðan þeirra naut við, enda mátu þau hana mikils. Örugglega má telja Guggu í hópi þeirra, sem líta á vinn-